

Reykjavík, 5. mars 2024.

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gjaldtöku á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins – MSS24010111.

Á fundi borgarráðs 11. janúar 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og henni vísað til meðferðar menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs:

Nýlega varð stefnubreyting í gjaldtöku á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins þar sem tekið var upp nýtt gjald fyrir eldri borgara. Spurt er hvenær var fyrst ákveðið að eldri borgarar skyldu undanþegnir gjaldi, hvernig var sú ákvörðun tekin og á hvaða vettvangi? Var það hluti af almennri stefnu aðildarsveitarfélaga í málefnum eldri borgara? Hvenær var ákveðið að breyta um stefnu og hefja gjaldtöku á eldri borgara á skíðasvæðin? Hvernig var sú ákvörðun tekin og á hvaða vettvangi? Var sú ákvörðun hluti af nýrri stefnumótun? Ef svo er, hver var sú stefnumótun og hverjir stóðu að baki henni?

Á fundi samstarfsnefndar skíðasvæðanna 21. febrúar 2024 var lagt fram bréf menningar- og íþróttasviðs þar sem óskað er eftir svörum við fyrirspurninni.

Svar:

Ekki finnast gögn eða upplýsingar um það hvenær ákveðið var að eldri borgarar skyldu undanþegnir gjaldi.

Samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins samþykkti samhljóða á fundi sínum 13. október 2023 að leggja til nýja gjaldskrá við stjórn SSH í tengslum við fjárhagsáætlun ársins 2024. Stjórn SSH staðfesti tillöguna á fundi sínum 16. október 2023 og sendi til aðildarsveitarfélaga sem samþykktu fjárhagsáætlunina ásamt gjaldsskrá.

Virðingarfyllt,

Þorvaldur Daníelsson,
formaður samstarfsnefndar skíðasvæðanna